

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis og á netfangið: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 11. júní 2025

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um frumvarp til breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (víxlverkun örorkulífeyrisgreiðslna), 430. mál.

- *Fyrirliggjandi frumvarp felur í sér tilfærslu á réttindum sem ætluð eru til greiðslu ellilífeyris yfir til greiðslu örorkulífeyris.*
- *Tilfærslan felur í sérskerðingu á áunnum eignarréttindum sjóðfélaga lífeyrissjóða. Verði frumvarpið að lögum getur það leitt til skaðabótaskyldu samkvæmt eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.*
- *Lækkun á greiðslum ellilífeyris frá lífeyrissjóðum kallar á aukin útgjöld almannatrygginga.*
- *Markmið örorkulífeyris frá lífeyrissjóðum hefur verið að gera sjóðfélaga jafnsetta fjárhagslega og þeir voru fyrir tap á starfsorku. Frumvarpið gengur gegn því markmiði.*
- *Örorkubyrði lífeyrissjóða er mjög misjöfn. Afar brýnt að jöfnunarframlag sem ríkið greiðir til lífeyrissjóða vegna örorku verði tryggt.*
- *Frumvarpið var ekki unnið í samráði við Landssamtök lífeyrissjóða.*
- *Mikilvægt er að fundin verði viðunandi lausn til framtíðar sem gengur ekki á rétt sjóðfélaga til eftirlauna.*

Með tölvupósti frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis, þann 3. júní sl., var LL sent ofangreint mál til umsagnar.

Hér er um að ræða mál sem lengi hefur verið til umræðu og enn ekki verið fundin varanleg lausn á og snýr að samspili greiðslna almannatrygginga og lífeyrissjóða vegna örorkugreiðslna. Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggir á skylduaðild, sjóðsöfnun og samtryggingu. Ákveðnir sjóðir hafa borið hlutfallslega þyngri skuldbindingar vegna örorkulífeyrisréttinda. Það liggur í augum uppi að sé hærri fjármunum varið til greiðslu örorkulífeyris verður minna eftir til greiðslu eftirlauna. Nú er það svo að sjóðir eru misvel í stakk búnir til að tryggja eftirlaunagreiðslur og hefur ríkið greitt jöfnunarframlag til að koma til móts við ólíka örorkubyrði sjóða.

Það frumvarp sem hér er til umræðu felur í sér tilfærslu á réttindum sem ætluð eru til greiðslu ellilífeyris yfir til greiðslu örorkulífeyris. Kemur þetta einkum niður á sjóðfélögum í þeim lífeyrissjóðum þar sem örorkubyrðin hefur verið hvað þyngst.

Örorkutrygging lífeyrissjóða hefur gengið út frá því meginmarkmiði að sjóðfélagar sem verða fyrir því óláni að tapa starfsorku eigi að fá tjón sitt bætt úr skyldutryggingu lífeyrissjóða að hámarki upp að þeim tekjum sem þeir höfðu fyrir orkutap. Sé það vilji stjórnvalda að greiða viðkomandi hópi hærri bætur þykir rétt að slíkar greiðslur séu sóttar í sameiginlega sjóði landsmanna en ekki fjármagnaðar með lægri eftirlaunum til þeirra sem eru með skylduaðild að þeim lífeyrissjóðum sem bera hvað þyngsta örorkubyrði. Slíkt fyrirkomulag mun þegar til lengri tíma er litið vera til þess fallið að draga úr samstöðu um skylduaðild og samtryggingu lífeyrisréttinda.

Nú er það svo að við Íslendingar búum það vel að fyrri kynslóðir sýndu mikla forsjálni með stofnun lífeyrissjóða sem byggja á sjóðsöfnun og skyldutryggingu. Stjórnvöld á hverjum tíma verða að sýna uppbyggingu kerfisins og þeim sjóðfélögum sem þar eiga réttindi þá sjálfsögðu virðingu að taka ákvarðanir sem styðja við áframhaldandi einingu um uppbyggingu skyldutryggingarkerfis. Það frumvarp sem hér er lagt fram mun án nokkurs vafa grafa undan samstöðu og trausti til þess kerfis sem við búum við.

Uppbygging lífeyrissjóðakerfis tekur marga áratugi. Greiðslur ellilífeyris úr lífeyrissjóðakerfinu voru árið 2023 um 65% frá lífeyrissjóðum og um 35% komu frá ríkinu. Leitun er að öðru ríki sem býr það vel að lífeyrissjóðir greiði hærri greiðslur til eftirlauna en koma frá viðkomandi ríki.

Þegar kemur til greiðslu örorkulífeyris eru greiðslur ríkisins um 74% en um 26% koma frá lífeyrissjóðum. Verði greiðslur örorkulífeyris auknar frá lífeyrissjóðakerfinu mun eðli máls samkvæmt á sama tíma draga úr getu þeirra til greiðslu eftirlauna.

Því öflugra sem lífeyrissjóðakerfið verður þá hefur ríkið séð sér fært að lækka að sama skapi útgjöld til almannatrygginga. Þannig hefur styrkur lífeyrissjóðakerfisins verulega dregið úr útgjöldum ríkisins til málaflokksins. Verulega varhugavert þykir ef ríkið hyggst ganga það langt í þá átt að grafið verði undan samstöðu um skyldutryggingarkerfi lífeyrisréttinda því eins og fyrr greinir þá eru ákveðnir sjóðir sem bera þyngri byrðar þegar kemur að örorkulífeyri en aðrir.

Vegna þessa ójafnvægis hefur ríkið greitt jöfnunarframlag sem tekist hefur verið á um reglulega á undanförunum árum þar sem stjórnvöld hafa lagt til afnám eða lækun þess.

Samræmi við stjórnarskrá:

Í greinargerð með frumvarpinu segir m.a.: „*Miðað við þær greiningar sem liggja fyrir er áætlað að áhrifin af lagasetningunni á lífeyrissjóði verði minni háttar. Ákvæði frumvarpsins eru því ekki talin líkleg til að hafa neikvæð áhrif á stjórnarskrárvarin réttindi sjóðfélaga.*“

Þegar litið er til áhrifa á einstaka sjóði og þá einkum þá sem hafa háa örorkuskuldbindingu er þessi fullyrðing röng. Áunnin lífeyrisréttindi njóta eignarréttarverndar stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Sú greining sem liggur fyrir metur ekki áhrif á einstaka sjóði en þau eru afar mismunandi milli sjóða.

Samkvæmt fyrirbyggjandi lögfræðialiti Gests Jónssonar, hrl. dags. 11. júní felur frumvarpið, verði það að lögum, í sér skerðingu á áunnum eignarréttindum sem gæti leitt til skaðabótaskyldu samkvæmt eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Fyrir liggur að verði frumvarpið óbreytt að lögum leiðir það án nokkurs vafa til lækkunar á réttindum til ævilangs lífeyris og þá mest hjá þeim sjóðum sem bera hvað hæsta örorkuskuldbindingu. Er hér því áréttað að frumvarpið varðar stjórnarskrárvarin réttindi til ellilífeyris og jafnframt ber að gæta að jafnræði sjóðfélaga.

Samráð:

Í greinargerð með frumvarpinu er ítrekað vísað til þess að við undirbúning málsins hafi verið haft samráð við Landssamtök lífeyrissjóða. Af því tilefni þykir nauðsynlegt að taka fram og leggja á það ríka áherslu að sú útfærsla sem lögð er til með frumvarpinu á lausn víxlverkana á greiðslum örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða var ekki á nokkurn hátt mótuð í samráði við Landssamtök lífeyrissjóða.

Mismunandi örorkuskuldbindingar milli sjóða:

Samhliða þessu máli er afar mikilvægt að leggja áherslu á hlutverk jöfnunarframlags ríkisins vegna örorku en lengi hefur legið fyrir að örorkugreiðslur vega misþungt í heildargreiðslum lífeyris milli sjóða. Jöfnunarframlag ríkisins hefur komið til móts við ólíka örorkubyrði sjóða en þó aldrei dugað til að jafna þann aðstöðumun sem er til staðar gagnvart sjóðfélögum þeirra lífeyrissjóða sem eru með hvað hæsta örorkubyrði. Því er afar brýnt að jöfnunarframlagið sem ríkið greiðir til lífeyrissjóða vegna örorku verði tryggt og því viðhaldið enda ljóst að verði þetta frumvarp óbreytt að lögum mun það auka örorkubyrði lífeyrissjóða.

Staðan og nauðsynleg vinna sem enn hefur ekki farið fram:

Mál þetta er unnið í mikilli flýti og án nauðsynlegra greininga. Þá liggur engin greining fyrir um áhrif til framtíðar. Þrátt fyrir að eigi liggi fyrir greiningar um áhrif til framtíðar má ætla að líkleg afleiðd, neikvæð viðbótaráhrif verði á getu sjóðanna til greiðslu ellilífeyris samhliða því sem örorkulífeyrir verði hærri en tekjur á vinnumarkaði fyrir orkutap.


Þykir rétt að beina því til stjórnvalda að finna lausn á víxlverkun á greiðslum almannatrygginga og lífeyrissjóða sem byggir undir áframhaldandi uppbyggingu lífeyrissjóðakerfisins en kemur ekki til með að grafa undan samstöðu og grunnstöðum þess.

Á meðan varanleg og ásættanleg lausn liggur ekki fyrir er afar brýnt að ríkið haldi áfram greiðslum á jöfnunarframlagi til sjóðanna til að koma til móts við ólíka örorkubyrði sem óneitanlega kemur niður á getu þeirra til greiðslu ævilangs lífeyris.

Mikilvægt er að fundin verði viðunandi lausn til framtíðar sem gengur ekki á rétt sjóðfélaga til eftirlauna og því nauðsynlegt að slík vinna hefjist nú þegar til að unnt sé að finna málinu viðhlítandi farveg svo allir geti sem best við unað.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Hjálagt: Minnisblað Gests Jónssonar hrl. dags. 11.06.2025.



MINNISBLAÐ

Unnið að beiðni Landssamtaka lífeyrissjóða í tilefni frumvarps til laga um breytingu á 15. gr. laga nr. 129/1997 varðandi útreikning tekjuskerðingar hjá lífeyrissjóðum við ákvörðun örorkulífeyris.

--- 000 ---

Lagt hefur verið fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (Víxlverkun örorkulífeyrisgreiðslna).

Frumvarpið er svohljóðandi:

1. gr.

Við 1. mgr. 15. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Örorkulífeyrir, hlutaörorkulífeyrir og sjúkra- og endurhæfingargreiðslur samkvæmt lögum um almannatryggingar, og tengdar greiðslur samkvæmt þeim lögum og lögum um félagslega aðstoð, skulu ekki leiða til lækkunar við útreikning lífeyrissjóðs á lífeyri vegna orkutaps sjóðfélaga.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. september 2025.

Í greinargerð kemur fram að frumvarpið sé samið í fjármála- og efnahagsráðuneytinu í samráði við félags- og húsnæðismálaráðuneytið. Lagt sé til að við útreikning lífeyrissjóðanna á tekjuskerðingu sjóðfélaga, sem öðlast rétt til örorkulífeyris, verði óheimilt að taka tillit til greiðslna frá almannatryggingum og lögum um félagslega aðstoð sem réttur hefur stofnast til vegna örorkunnar. Með þessu verði komið í veg fyrir þá víxlverkun sem leiði af samspili almannatryggingakerfisins og lífeyrissjóðanna. Er því lýst að með lögum nr. 106/2011 hafi víxlverkunin verið stöðvuð tímabundið og árleg framlenging á gildi laganna, nú síðast til 1. september 2025, hafi haft sama tilgang. Sagt er að frumvarpinu sé ætlað að fela í sér framtíðarlausn vandamálsins. Ætlunin sé að koma í veg fyrir að hluti af auknum framlögum úr ríkissjóði vegna nýs örorkulífeyriskerfis, sem ætlað er að bæta kjör fólks með örorku og skerta starfsgetu, lækki útgjöld lífeyrissjóða í stað þess að hækka tekjur þeirra sem fá örorkulífeyri almannatrygginga og hafa jafnframt réttindi til örorkulífeyris úr lífeyrissjóðakerfinu.

Um örorkulífeyri skv. lögum nr. 129/1997

Um örorkulífeyri frá lífeyrissjóði er fjallað í 15. gr. laga nr. 129/1997. Þar kemur fram að sjóðfélagi eigi rétt á örorkulífeyri ef hann verður fyrir orkutapi sem metið er 50% eða meira, hefur greitt í lífeyrissjóð í a.m.k. tvö ár og orðið fyrir **tekjuskerðingu af völdum orkutapsins**. Með þessu er tryggt að sjóðfélagi sem missir vinnugetu sína að hálfu eða meira fær bætur vegna tekjuskerðingar sem leiðir af örorkunni. Í orðalagi lagareglunnar felst að bætur eru vegna vinnugetunnar sem tapaðist, þ.e. bæturnar verða ekki hærri en nemur skerðingunni (tjóninu)



sem leitt hefur af örorkunni. Er það í samræmi við grunnreglu skaðabótaréttarins um að bætur vegna fjárhaglegs tjóns verði ekki hærri en tjóninu nemur. Sú regla grundvallast á þeirri hugsun að enginn eigi að hagnast á fjárhagslegu óhappi. Slíkt hefði þá óhjákvæmilegu afleiðingu að óhöppunum myndi fjölga. Í minnisblaði Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings, sem kynnt hefur verið með frumvarpinu, er þessum sannindum lýst með orðunum: „Það er margreynt í rekstri tryggingafélaga að ef bætur verða umfram tjón geti ásókn í bótagreiðslur aukist verulega“.

Í 28.gr. laga 129/1997 er áskilið að samþykktir lífeyrissjóða skuli staðfestar af ráðherra. Samþykktir íslensku lífeyrissjóðanna eru því staðfestar af fjármála- og efnahagsráðherra. Undirritaður veit ekki betur en að í samþykktum allra íslenskra lífeyrissjóða séu ákvæði um að örorkulífeyrir greiðist ekki nema til bóta á tekjuskerðingu. Greiðslur eða bætur umfram tjón eru hvorki ráðgerðar í lögnum né samþykktum lífeyrissjóðanna sem fjármálaráðherra hefur staðfest. Óneitanlega kemur spánskt fyrir sjónir að sami ráðherra leggi fram frumvarp um viðbót við 1.mgr. 15.gr. laganna sem gengur þvert gegn efni lagareglunnar og þeim samþykktum sem ráðherrann hefur staðfest. Með þessu er stefnt að lagatexta sem mælir fyrir um að með örorkulífeyri skuli bætt *tekjuskerðing* viðkomandi lífeyrisþega en því er svo bætt við að við útreikning á tekjuskerðingunni skuli litið fram hjá greiðslum sem rétthafinn fær frá samfélaginu vegna örorkunnar. Eftir viðbótina er ákvæðið um að bætur takmarkist við tekjuskerðingu í raun innihaldslaust eða a.m.k. innihaldslítið.

Áhrif lagabreytingarinnar.

Lagasetning um að bætt skuli meira en nemur raunverulegri „tekjuskerðingu“, þegar sjóðfélagi missir 50% eða meira af vinnugetu sinni, felur í sér ákvörðun um að útvíkka hlutverk lífeyrissjóðakerfisins. Lífeyrissjóðunum verður gert að leggja fram fjármuni til þarfa sem nú falla ekki undir 15.gr. laga 129/1997. Sjóðfélagar sem greitt hafa iðgjöld um árabíl máttu ekki gera ráð fyrir því að hluta iðgjaldanna yrði varið til greiðslu örorkulífeyris sem væri umfram tekjuskerðingu sem af örorkunni leiddi.

Líkleg afleiðing breytingarinnar er sú að ásókn í örorkulífeyri vaxi þegar einstaklingur getur átt kost á greiðslum vegna örorku frá lífeyrissjóði og samfélaginu sem eru samtals hærri en tekjutapið sem leiðir af örorkunni. Fjárhagslegur hvati til þess að snúa aftur til starfa hverfur við þær aðstæður. Raunar verður fjárhagslegi hvatinn gagnstæður. Sá sem sneri aftur til fyrra starfs yrði fyrir tekjulækkun.

Að auki blasir við að örorkulífeyrir frá lífeyrissjóði muni almennt hækka þegar reiknireglan um útreikning tjóns (tekjuskerðingar) tekur ekki lengur tillit til bóta sem greiðast frá almannatryggingum.

Verði kostnaðarauki vegna (1) fjölgunar örorkutilvika og (2) hækkunar greiðslna í einstökum tilvikum lagður á lífeyrissjóðina er engin leið til þess, í óbreyttu iðgjaldakerfi, að mæta auknum útgjöldum önnur en sú að skerða réttindi sjóðfélaga til greiðslu eftirlauna. Frumvarpið felur því í sér ákvörðun um að skerða hlut þeirra sem ávinna sér rétt til eftirlauna í lífeyrissjóðunum. Fjármunum frá eftirlaunaþegum og virkum sjóðfélögum (þeim sem greiða til lífeyrissjóðs) er að hluta varið til greiðslu aukins örorkulífeyris þ.m.t. ígildis örorkulífeyrisgreiðslna sem áður greiddust af almannatryggingum. Þetta leiðir af því að fjármunum er varið til greiðslu örorkulífeyris umfram tekjuskerðingu. Þeir fjármunir verða ekki nýttir til greiðslu eftirlauna.

Ákvörðun um að skerða framtíðareftirlaun sjóðfélaga í því skyni að auka strax greiðslur örorkulífeyris til sumra sjóðfélaga er stór ákvörðun. Ekki verður fram hjá því litið að flestir sjóðfélagar greiða til lífeyrissjóða á grundvelli lagaskyldu. Aðaltilgangur lífeyrissjóðakerfisins er að tryggja sjóðfélögum eftirlaun frá starfslokum til æviloka. Í lögunum er skilgreint í grundvallaratriðum hvaða réttindi ávinnast. Að breyta forsendum laganna með þeim hætti að gera sjóðnum að bæta örorku umfram tekjuskерðingu af fé sjóðsins á kostnað þeirra sem ávinna sér rétt til eftirlauna hlýtur að orka tvímælis. Réttindi sjóðfélaga í lífeyrissjóði eru eignarréttindi sem njóta stjórnarskrárverndar sem slík og því eru takmörk sett hvað löggjafinn má gera í því að færa fjármuni frá einum hópi sjóðfélaga í því skyni að gera hlut annarra betri. Tilfærslan er í eðli sínu afturvirk þar sem hún hefur áhrif á réttindi sem þegar eru áunnin með iðgjaldagreiðslum og hafa sem slík skapað réttmætar væntingar sjóðfélaga. Lagasetningarfrelsið væri meira ef frumvarpið sneri eingöngu að réttindaávinnslu eftir að frumvarpið tekur gildi. Mitt mat er að verði frumvarpið að lögum feli það í sér skerðingu á áunnum eignarréttindum sem gæti leitt til skaðabótaskyldu samkvæmt eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar.

Hæstaréttardómur 665/2008

Í málinu reyndi á lögmæti ákvörðunar lífeyrissjóðsins G um skerðingu örorkulífeyris til M. Byggði M kröfu sína á því að lífeyrisréttur hennar væri eign sem nyti verndar samkvæmt 65., 72. og 76. gr. stjórnarskrárinnar og sá réttur hefði orðið virkur fyrir aldarfjórðungi. Þá hefði hún öðlast réttmætar væntingar til þess að greiðslur til hennar yrðu með óbreyttu fyrirkomulagi. Í málinu kom fram að tíðni örorku hjá G hefði aukist jafnt og þétt og væri með því hæsta sem gerðist. Að mati G væri óhjákvæmilegt að vinna að því að almannatryggingar tækju með einum eða öðrum hætti við stærri hluta örorkutrygginga, en það væri forsenda fyrir því að lífeyrissjóðir gætu staðið myndarlega við það meginhlutverk að tryggja ellilífeyri sjóðfélaga. Fallist var á með G að lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða veittu lífeyrissjóðum verulegt svigrúmt til að ákveða greiðslu lífeyris í samræmi við fjárhag og horfur til framtíðar. Ofangreind breyting á samþykktum G fól í sér viðbrögð sjóðsins við verulega auknum útgjöldum vegna örorkulífeyristrygginga. Helsta markmiðið var að lækka útgjöld og það var gert með því að takmarka greiðslur miðað við það að tekjur sjóðfélaga, sem beinlínis komu til vegna örorku, yrðu ekki hærri en framreiknaðar atvinnutekjur fyrir örorkutap hefðu orðið. Þetta átti við um M. Var talið að málefnalegar ástæður hefðu þannig búið að baki þessum breytingum á samþykktunum. Þá var ekki fallist á með M að ákvæði stjórnarskrárinnar girtu fyrir að réttur hennar til lífeyris yrði skertur á þann hátt að G takmarkaði fjárhæð hans við það að gera hana jafnsetta og ef orkutap hefði ekki orðið. Jafnframt yrði að líta til þess að heimild til að skerða örorkulífeyri vegna greiðslna frá almannatryggingum hefði frá upphafi verið í samþykktum þeirra lífeyrissjóða, sem M hefði fengið greitt úr.

Þá ályktun má draga af þessum dómi að lífeyrissjóðum er í senn rétt og skylt að bregðast við auknum útgjöldum vegna örorkulífeyristrygginga. Hafi lífeyrisjóðir verulegt svigrúm til þess að ákveða greiðslur lífeyris í samræmi við fjárhag og horfur til framtíðar.

Byrðinni er misskipt

Þyngd örorkulífeyris í skuldbindingum einstakra lífeyrissjóða er misjöfn og því er líklegt að lagabreytingin hafi mismikil áhrif á stöðu sjóðanna. Ætla verður að áhrif breytingarinnar verði mest hjá þeim sjóðum sem hafa þunga örorkubyrði. Þetta atriði virðist ekki hafa verið kannað



við samningu frumvarpsins og engar ráðstafanir hafa verið kynntar til þess að rétta af þessum sökum hlut sjóða með mikla örorkubyrði. Félagar í sjóðum með mikla örorkubyrði kunna því að þurfa að reikna með lakari horfum um greiðslu eftirlauna en gildir um þá sem eru félagar í sjóðum sem hafa léttari örorkubyrði. Erfitt verður að viðhalda skylduaðild að lífeyrissjóðum ef mikill munur verður á réttindum sem einstaklingar öðlast fyrir sama framlag eftir því í hvaða lífeyrissjóð þeir greiða.

Takmarkaðar upplýsingar um áhrif lagasetningarinnar.

Fjármálaráðherra hefur sent Landssambandi lífeyrissjóða minnisblað Bjarna Guðmundssonar, tryggingastærðfræðings, dags. 2025-05-15, þar sem fjallað er um víxlverkun milli örorkulífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða. Minnisblaðið var unnið að beiðni ráðuneytisins að höfðu samráði við ASÍ, SA og Landssamtök lífeyrissjóða.

Í minnisblaðinu setur Bjarni fram tvo valkosti, þ.e.

- (1) að sjóðirnir megi ekki taka tillit til örorkulífeyrisgreiðslna frá almannatryggingunum
- (2) að engin slík takmörkun verði gagnvart útreikningi sjóðanna á örorkulífeyri.

Útreikningarnir og töflurnar í minnisblaðinu byggjast meira og minna á nálgunum sem virðast vera mistraustar sem forsendur. Ekki er lögð áhersla á að meta mismunandi áhrif breytinganna fyrir sjóðina eftir þyngd örorku, þ.e. hvort takmörkunin á því að taka tillit til tekna frá samfélaginu við útreikninga á tekjuskurðingu hafi mismunandi áhrif fyrir sjóðina eftir örorkubyrði einstakra sjóða og þá í hverjum mæli.

Vissulega nefnir Bjarni Guðmundsson stærðir eins og hálf þúsund prósent áhrif á tryggingafræðilega stöðu en stóra myndin í svarinu finnst mér hljóma þannig að frumvarpið muni ekki hafa veruleg áhrif á stöðu lífeyrissjóðakerfisins. Eignir þess munu vera nálægt 8 þúsund milljörðum króna svo hálf þúsund prósent við vísar á umtalsverða fjárhæð.

Mér finnst gagnrýnisvert að leggja frumvarpið fram til afgreiðslu án nánari greiningar á áhrifum þess fyrir einstaka sjóði og lífeyrissjóðakerfið sem heild. Greina þarf hvort í frumvarpinu sé gengið gegn eignarréttindum þeirra sem eiga rétt til eftirlauna úr sjóðunum. Ákvörðun um að bætt skuli meira en nemur „tekjuskurðingu“ viðkomandi öryrkja er ákvörðun um að útvíkka hlutverk lífeyrissjóðakerfisins og leggja fram fjármuni til greiðslu örorkulífeyris sem ella væru nýttir til eftirlauna. Þetta á að gerast án viðbótarfjármuna til sjóðanna. Slíkt leiðir óhjákvæmilega til þess að sjóðfélagar fá samsvarandi skerðingu réttinda sinna þegar kemur að greiðslu eftirlauna.

Virðingarfyllt,

Gestur Jónsson hrl.